Samandreginn ársreikningur samstæðu

Janúar - September 2026

NOVA
KLÚBBURINN

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Samandreginn efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Eiginfjáryfirlit	8
Skýringar	9
Ársfjórðungayfirlit	13

Nova klúbburinn hf.
Lágmúla 9
108 Reykjavik
Kt. 620916-0560

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er móðurfélag félaga á sviði fjarskipta, tæknibúnaðar, tæknilausna og innviða. Samandreginn árshlutareikningur þessi tekur til Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Ofar ehf., Kosmos ehf., Ligo ehf., Nova Innviða ehf. og NL9 ehf., sem saman mynda samstæðuna. Samandregni árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður.

Við framsal 4G- og 5G-dreifikerfis Nova hf. til Sendafélagsins ehf. um síðustu áramót breyttist umfang og rekstrarfyrirkomulag samstæðunnar. Nova hf. kaupir nú þjónustu af Sendafélaginu vegna dreifikerfisins samkvæmt þjónustusamningi og hlutdeild í afkomu Sendafélagsins er færð samkvæmt hlutdeildaraðferð. Breytingin hefur áhrif á samanburð rekstrarliða milli ára, meðal annars EBITDA og afskrifta. Þá er rekstur Ofar ehf. innifalinn í samstæðureikningnum frá 1. júní 2026, eða í fjóra mánuði á tímabilinu janúar til september. Rekstrartölur tímabilsins eru því aðeins að hluta til samanburðarhæfar við fyrra ár. Nánar er fjallað um þessi atriði í skýringum 8, 9 og 11.

Heildartekjur samstæðunnar fyrstu níu mánuði ársins 2026 námu 13.238 millj. kr., samanborið við 10.266 millj. kr. á sama tímabili 2025. EBITDA nam 2.402 millj. kr., samanborið við 3.152 millj. kr. á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins nam 425 millj. kr., samanborið við 544 millj. kr. á fyrra ári. Eigið fé 30. september nam 9.537 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 33,2%, en í árslok 2025 nam eigið fé 9.595 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 40,8%. Um breytingar á eigin fé vísast til eiginfjáryfirlits.

Á þriðja ársfjórðungi námu heildartekjur 5.815 millj. kr., EBITDA 1.051 millj. kr. og hagnaður eftir skatta 282 millj. kr. Á sama fjórðungi fyrra árs námu heildartekjur 3.514 millj. kr., EBITDA 1.109 millj. kr. og hagnaður eftir skatta 228 millj. kr.

Í febrúar undirritaði félagið samning um kaup á öllu hlutafé í Ofar ehf., með fyrirvara m.a. um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Í maí tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það gerði ekki athugasemdir við kaupin og var endanlega frá þeim gengið í júní. Endanlegt heildarvirði viðskiptanna, að teknu tilliti til nettóstöðu veltufjármuna og hreinna vaxtaberandi skulda, nam 4.343 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð með nýju lánsfé og handbæru fé. Sjá frekari upplýsingar um kaupin og áhrifin á samstæðuna í skýringu 11.

Þriðji ársfjórðungur var fyrsti heili ársfjórðungurinn sem Ofar var hluti af samstæðunni. Frá 1. júní til 30. september námu tekjur félagsins sem færðar eru í samstæðureikning 3.035 millj. kr. og EBITDA 176 millj. kr. Unnið er að samlegðarverkefnum hjá Nova og Ofar með áherslu á sameiginlega sókn á fyrirtækjamarkaði, samnýtingu verslana og samlegð á sviði upplýsingatækni, vöruhúss og dreifingar. Félögin starfa áfram undir eigin vörumerkjum. Útdeilingu kaupverðs er ekki lokið, sbr. skýringu 11.

Arður að fjárhæð 348 millj. kr., eða 0,101 kr. á hlut, var greiddur 8. apríl í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Í apríl var hlutafé félagsins jafnframt lækkað um 106,5 millj. kr. að nafnverði með ógildingu eigin hluta. Útgefið hlutafé eftir lækkunina nam 3.447.374.756 kr.

Í maí hóf Kosmos, nýtt dótturfélag Nova Klúbbsins, að veita fjarskiptaþjónustu. Kosmos er byggt upp sem lággjaldafélag með litla yfirbyggingu, sjálfsafgreiðslu og umfangsmikla hagnýtingu gervigreindar og nýtir fjarskiptainnviði Nova. Með starfsemi Kosmos sækir samstæðan inn á nýjan hluta fjarskiptamarkaðarins og styður jafnframt við aukna nýtingu innviða Nova.

Þann 29. júní tilkynnti félagið um framkvæmd nýrrar áætlunar um endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 millj. kr. að kaupverði í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars. Frá þeim tíma til 30. september keypti félagið eigin hluti að nafnverði 18,7 millj. kr. á meðalgenginu 3,84 kr. fyrir alls 71,8 millj.kr., sjá nánar í skýringu með eiginfjáryfirliti.

Ligo ehf. tók til starfa 1. júlí 2026. Ligo sérhæfir sig í þróun og sölu lausna fyrir hlutanetið (Internet of Things), meðal annars á sviði snjallvöktunar og snjallra innviða. Á tímabilinu var unnið áfram að fyrirhuguðu samstarfi við Rafal ehf. á vettvangi Ligo ehf. Samstarfinu er ætlað að sameina fjarskiptaþekkingu Nova og reynslu Rafal af tæknilegum innviðum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Staðfesting stjórnar og forstjóra

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til september 2026, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 30. september 2026 og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til september 2026. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar.

Stjórn og forstjóri staðfesta samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. október 2026

Stjórn

Jón Óttar Birgisson
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Sigríður Olgeirsdóttir
Meðstjórnandi

Steinunn Hlíf Sigurðardóttir
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Sylvía Kristín Ólafsdóttir
Forstjóri

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2026

	Sk.	1.7.-30.9 2026	1.7.-30.9 2025	1.1.-30.09 2026	1.1.-30.09 2025
Rekstrartekjur					
Sala	4	5.793.401	3.488.912	13.169.953	10.184.760
Aðrar rekstrartekjur		21.735	24.624	68.346	81.281
		5.815.136	3.513.536	13.238.299	10.266.041
Rekstrarkostnaður					
Kostnaðarverð seldra vara		3.368.096	1.607.282	7.380.107	4.619.973
Laun og launatengd gjöld		873.528	516.227	2.192.875	1.614.835
Annar kostnaður		522.819	280.759	1.263.675	878.769
		4.764.443	2.404.267	10.836.657	7.113.576
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA		1.050.693	1.109.269	2.401.643	3.152.465
Afskriftir	5	(414.106)	(593.096)	(1.194.721)	(1.783.137)
Rekstrarhagnaður		636.587	516.173	1.206.921	1.369.328
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur		3.832	7.972	23.620	26.090
Vaxtagjöld		(328.569)	(239.536)	(824.870)	(708.511)
Gengismunur		3.138	(356)	5.201	(4.775)
	6	(321.599)	(231.920)	(796.049)	(687.196)
Áhrif hlutdeildarfélaga	8	32.092	210	103.426	(2.734)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		347.080	284.463	514.298	679.398
Tekjuskattur		(65.089)	(56.571)	(89.220)	(134.910)
Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu		281.990	227.892	425.078	544.488
Hagnaður á hlut					
Grunnhagnaður á hlut		0,082	0,064	0,123	0,153
Þynntur hagnaður á hlut		0,080	0,064	0,121	0,153

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2026

Eignir	Sk.	30.09.2026	31.12.2025
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	11	13.070.177	10.136.485
Aðrar óefnislegar eignir		1.360.530	1.329.702
Rekstrarfjármunir		1.702.270	1.275.843
Leigueignir		4.758.826	4.268.210
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum	8	1.216.462	1.113.036
Lán til tengdra aðila	10	152.331	1.801.244
Skatteign		832.181	703.740
Fastafjármunir		23.092.778	20.628.261
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		2.381.173	329.486
Skammtímakröfur á tengda aðila		54.262	139.692
Viðskiptakröfur		2.110.177	1.206.143
Aðrar skammtímakröfur		359.279	351.040
Handbært fé		768.846	889.889
Veltufjármunir		5.673.737	2.916.251
Eignir samtals		28.766.514	23.544.512
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé		3.428.667	3.465.675
Yfirverðsreikningur		1.459.557	1.573.388
Varasjóðir		1.523.997	1.723.121
Óráðstafað eigið fé		3.124.772	2.833.296
		9.536.993	9.595.480
Langtímaskuldir			
Tekjuskattsskuldbinding		304.707	0
Vaxtaberandi langtímaskuldir		4.869.021	1.785.000
Leiguskuldbindingar		6.779.123	6.288.870
Aðrar langtímaskuldir		3.216.119	3.121.600
Langtímaskuldir samtals		15.168.970	11.195.470
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir við tengda aðila		159.433	146.331
Vaxtaberandi skammtímaskuldir		400.000	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda		307.798	105.000
Viðskiptaskuldir		1.155.036	891.981
Reiknaðir skattar til greiðslu		219.260	409.841
Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir		401.448	352.605
Aðrar skammtímaskuldir		1.263.816	712.781
Fyrirframinnheimtar tekjur		153.760	135.023
Skammtímaskuldir samtals		4.060.551	2.753.562
Skuldir samtals		19.229.521	13.949.032
Eigið fé og skuldir samtals		28.766.514	23.544.512

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Sjóðstreymisyfirlit
1. janúar til 30. september 2026

	Sk.	1.7.-30.9 2026	1.7.-30.9 2025	1.1.-30.09 2026	1.1.-30.09 2025
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		281.990	227.892	425.078	544.488
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	5	414.106	593.096	1.194.721	1.783.137
Tekjuskattur		65.089	56.571	89.220	134.910
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags		(32.092)	(210)	(103.426)	2.734
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	0	690	0
Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		317.230	231.920	790.203	687.196
		1.046.324	1.109.269	2.396.486	3.152.465
Birgðir, (hækkun) lækkun		(329.084)	61.057	(542.932)	8.709
Viðskiptakr. og aðrar kröfur, lækkun (hækkun)		117.898	(750)	212.339	(67.817)
Viðskiptask. og aðrar skuldir, (lækkun) hækkun		(583.073)	(21.838)	(26.210)	91.019
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(794.259)	38.469	(356.803)	31.911
Innheimtar vaxtatekjur		88.372	7.972	108.160	26.090
Greidd vaxtagjöld		(337.838)	(196.770)	(737.705)	(592.941)
Greiddir skattar		(49.716)	(69.551)	(198.013)	(185.624)
Handbært fé frá rekstri		(47.117)	889.389	1.212.125	2.431.901
Fjárfestingahreyfingar					
Keyptir rekstrarfjármunir		(200.403)	(298.006)	(657.379)	(1.002.961)
Keyptar óefnislegar eignir		(85.603)	(82.574)	(353.052)	(237.673)
Fjárfest í dótturfélögum - yfirtekið handbært fé	11	0	0	(3.933.850)	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélagi		0	0	0	(350.000)
Lán til hlutdeildarfélaga	10	0	0	1.648.913	0
		(286.006)	(380.580)	(3.295.368)	(1.590.634)
Fjármögnunarhreyfingar					
Keypt eigin hlutabréf		(67.606)	(176.667)	(150.839)	(409.671)
Afborganir leiguskulda		(85.526)	(57.812)	(224.019)	(182.687)
Afborganir annarra langtímaskulda		(28.480)	(15.153)	(62.074)	(45.212)
Arður til hluthafa		0	0	(348.184)	(291.417)
Ný lán frá fjármálastofnun		0	0	2.700.000	0
Lán frá tengdum aðilum		13.102	0	13.102	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir, breytingar		400.001	0	140.775	0
Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda		(60.000)	(26.250)	(112.500)	(78.750)
		171.492	(275.882)	1.956.261	(1.007.737)
(Lækkun) Hækkun á handbæru fé		(161.631)	232.927	(126.982)	(166.470)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		2.132	(871)	5.939	69
Handbært fé í upphafi tímabils		928.346	632.976	889.889	1.031.433
Handbært fé í lok tímabils		768.846	865.032	768.846	865.032

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Eiginfjáryfirlit 30. september 2026

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2025	3.587.181	2.014.877	1.549.060	2.512.541	9.663.659
Hagnaður og heildarafkoma janúar til desember 2025				783.386	783.386
Greiddur arður 0,082 kr. per hlut				(291.417)	(291.417)
Áhrif kauprétta				2.848	2.848
Kaup á eigin hlutabréfum	(121.506)	(441.489)			(562.995)
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð			95.723	(95.723)	0
Lagt í lögbundinn varasjóð			78.339	(78.339)	0
Staða 31. desember 2025	3.465.675	1.573.388	1.723.121	2.833.296	9.595.480
Hagnaður og heildarafkoma janúar til september 2026				425.078	425.078
Greiddur arður 0,101 kr. per hlut				(348.184)	(348.184)
Áhrif kauprétta				15.458	15.458
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttekinn arð			(242.037)	242.037	0
Framlag lögbundinn varasjóð			42.913	(42.913)	0
Kaup á eigin hlutabréfum	(37.008)	(113.831)			(150.839)
Staða 30. september 2026	3.428.667	1.459.557	1.523.997	3.124.772	9.536.993

Skráð og útgefið hlutafé í upphafi tímabils nam kr. 3.553.874.756 og eigin hlutir námu kr. 88.200.000. Á tímabilinu janúar til febrúar keypti félagið samtals eigin hluti að nafnverði kr. 18.300.000 og nam heildarstaða eigin hluta eftir það samtals kr. 106.500.000. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2026 var hlutafé félagsins lækkað í apríl um heildarstöðu eigin hluta og nam því útgefið hlutafé eftir það samtals kr. 3.447.374.756. Í lok júní hóf félagið endurkaup í samræmi við samþykkt aðalfundar í mars, eigin hlutir sem keyptir hafa verið á tímabilinu frá lok júní nema samtals kr. 18.708.357. Í tengslum við kaupréttaráætlanir félagsins við fastráðið starfsfólk sitt og Nova hf. sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins í mars 2025 hefur stjórn félagsins heimild til útgáfu allt að 67.913.666 nýrra hluta í félaginu vegna útistandandi kauprétta sem veittir voru í nóvember 2025.

Skýringar á bls. 9 - 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

Skýringar

1. Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandregni árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið sem lauk 30. september 2026 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf., Ofar ehf., Kosmos ehf., Ligo ehf., Nova Innviðir ehf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Öll félög samstæðunnar eru íslensk og í 100% eigu félaga í samstæðunni. Nova hf. er fjarskiptafélag sem selur og þjónustar fjölbreyttar fjarskiptalausnir auk vörusölu. Ofar ehf. er sölu og þjónustufyrirtæki á tölvubúnaði og tæknilausnum. Kosmos ehf. er endursöluaðili fjarskiptaþjónustu. Ligo ehf. er tækni- og þjónustuaðili lausna sem nýta hlutanetið. Nova Innviðir ehf. er innviðafélag sem rekur fjarskiptainnviði. NL9 ehf. hefur þann eina tilgang að eiga tvo hluti í Nova hf.

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu, sala búnaðar og skyld starfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til september 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2025.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

3. Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

FlakkNet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

FastNet: Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.

Vörusala: Tekjur af sölu á tölvum, skjám, sjónvörpum, símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.

Aðrar sölutekjur: Tekjur af sölu hugbúnaðar og annarri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, þjónusta við búnað, endursala á vörum o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

4. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini, frh.:

Janúar til september 2026	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
Á tímapunkti	0	0	3.932.370	0	3.932.370
Yfir tímabil	5.015.694	3.435.309	0	786.580	9.237.584
Tekjur samtals	5.015.694	3.435.309	3.932.370	786.580	13.169.953

Janúar til september 2025	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
Á tímapunkti	0	0	1.349.957	0	1.349.957
Yfir tímabil	4.996.561	3.133.353	0	704.889	8.834.803
Tekjur samtals	4.996.561	3.133.353	1.349.957	704.889	10.184.760

Enginn einn viðskiptavinur átti í viðskiptum sem námu meira en 10% af tekjum félagsins á tímabilinu.

5. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	1.1.-30.9 2026	1.1.-30.9 2025
Afskriftir óefnislegra eigna	369.727	330.210
Afskriftir rekstrarfjármuna	552.667	1.207.947
Afskriftir nýtingaréttar leigueigna	272.328	244.980
	1.194.721	1.783.137

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	1.1.-30.9 2026	1.1.-30.9 2025
Vaxtatekjur	23.620	26.090
Vaxtagjöld leiguskuldbindinga	(364.753)	(370.705)
Vaxtagjöld annarra skulda	(66.006)	(61.725)
Verðbætur annarra skulda	(151.387)	(118.918)
Vaxtagjöld langtímalána	(238.022)	(137.851)
Önnur fjármagnsgjöld	(4.702)	(19.312)
Fjármagnsgjöld samtals	(824.870)	(708.511)
Gengismunur	5.201	(4.775)
Hrein fjármagnsgjöld	(796.049)	(687.196)

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eiginhluti í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup eiginhluta. Frá því að ný endurkaupaáætlun hófst í lok júní og til og með 23. október nema heildarkaup eigin hluta samtals 19,8 millj. hluta að nafnverði á meðalgenginu 3,81 fyrir alls 75,2 millj. kr., sem nemur um 0,6% af útgefnu hlutafé félagsins.

8. Eignahlutir í hlutdeildarfélögum

Félagið á eignahlut í þremur hlutdeildarfélögum og sundurliðast áhrif þeirra á tímabilinu þannig;

	Eignarhlutur	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. (HÍN)	16,67%	0	2.596
Sendafélagið ehf.	55,00%	68.770	831.944
DineOut ehf.	20,00%	34.656	381.922
Samtals áhrif hlutdeildarfélaga		103.426	1.216.462

Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. er ekki rekið i hagnaðarskyni og eru því engin áhrif á rekstur samstæðunnar. Heildarhlutur Nova hf. í Sendafélaginu nemur samtals 55% af útgefnu hlutafé þess en hluthafasamkomulag Nova við Sýn sem á 45% hlut kveður á um jöfn stjórnunaráhrif Sendafélagsins og er því eignahlutur samstæðunnar flokkaður sem hlutdeildarfélag í lok árs.

9. Framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf.

Með framsali 4G/5G dreifikerfis um áramót fluttust eignir, starfsfólk og rekstrarkostnaður til Sendafélagsins og kaupir Nova hf. nú alla þjónustu á grundvelli eins þjónustusamnings sem færist að fullu undir rekstrarkostnað í rekstrarreikning. Þetta skýrir að hluta lækkun EBITDA milli ára þar sem kostnaður sem áður féll undir fjárfestingar og afskriftir kemur nú fram í rekstrarkostnaði. Nova hf. átti 50% eignahlut í Sendafélaginu ehf. fram til framsalsins en eignahluturinn jókst í 55% í kjölfar þess. Þar sem hluthafasamkomulag félagsins kveður á um jöfn stjórnunarhlutföll færist hlutur Nova hf. í rekstri Sendafélagsins í samræmi við hlutdeildaraðferð frá og með 1. janúar 2026.

10. Endurgreiðsla á hluthafaláni til Sendafélagsins ehf.

Í tengslum við framsal 4G/5G dreifikerfis og reksturs til Sendafélagsins ehf. um áramótin veitti Nova hluthafalán til Sendafélagsins að fjárhæð um 1.801 millj. kr. Í lok janúar lauk Sendafélagið endurfjármögnun hluta lánsins og greiddi til Nova hf. fjárhæð sem nemur um 1.649 millj. kr. Eftirstöðvar hluthafalánins eru færðar undir fastafjármuni á efnahagsreikning félagsins.

11. Kaup á öllu hlutafé í Ofar ehf.

Á árinu 2026 gerði samstæðan kaupsamning um allt hlutafé í Ofar ehf. Yfirtökudagur miðaðist við 1. júní 2026. Ofar ehf. er eitt stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði tæknibúnaðar og lausna og þjónustar um 10.000 fyrirtæki. Breidd og slagkraftur samstæðunnar gagnvart fyrirtækjamarkaði og samstarfsaðilum eykst verulega með kaupunum. Kaupin eru mikilvægt skref í að styrkja tekjustoðir samstæðunnar með aukinni aðgreiningu á sviði þjónustu, tækni og innviða. Nova hf. og Ofar ehf. verða rekin í sitthvoru lagi, hvort undir sínu vörumerki, en tækifærin liggja m.a. í auknu vöruframboði og kross-sölu þar sem markhópar félaganna eru ólíkir. Útdeilingu kaupverðs Ofar ehf. er ekki lokið og kann að taka frekari breytingum í allt að eitt ár frá yfirtökudegi. Áhrif yfirtökunnar voru eftirfarandi á efnahagsreikning samstæðunnar 1. júní 2026.

Aðrar óefnislegar eignir	22.043
Rekstrarfjármunir	341.815
Leigueignir	409.569
Birgðir	1.508.755
Viðskiptakröfur	1.277.145
Aðrar skammtímakröfur	36.907
Handbært fé	408.420
Tekjuskattsskuldbinding	(306.132)
Leiguskuldbindingar	(409.569)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	(714.121)
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	(259.225)
Viðskiptaskuldir	(343.653)
Ógreiddir skattar	(8.144)
Aðrar skammtímaskuldir	(554.083)
Hreinar aðgreinanlegar eignir alls	1.409.726
Viðskiptavild	2.933.692
Kaupverð greitt með handbæru fé	(4.343.418)

Frá yfirtöku Ofar ehf. 1. júní 2026 til 30. september 2026 skilaði félagið samstæðunni heildartekjum 3.035 millj. kr. og EBITDA að fjárhæð 176 millj. kr.. Ef Ofar ehf. hefði, í óbreyttri mynd, verið hluti af samstæðunni frá 1. janúar 2026 er áætlað að félagið hefði skilað samstæðunni tekjum að fjárhæð 6.940 millj. kr. og EBITDA að fjárhæð 547 millj. kr.

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit 2026 í millj. kr.:	F1 2026	F2 2026	F3 2026	Samtals 2026
FlakkNet	1.609	1.661	1.746	5.016
FastNet	1.126	1.142	1.167	3.435
Vörusala	390	1.129	2.414	3.932
Aðrar sölutekjur	83	237	467	787
Aðrar rekstrartekjur	24	22	22	68
Rekstrartekjur	**3.231**	**4.192**	**5.815**	**13.238**
Kostnaðarverð seldra vara	(1.667)	(2.345)	(3.368)	(7.380)
Laun og launatengd gjöld	(591)	(729)	(874)	(2.193)
Annar kostnaður	(325)	(416)	(523)	(1.264)
Rekstrarkostnaður	**(2.582)**	**(3.490)**	**(4.764)**	**(10.837)**
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	**649**	**702**	**1.051**	**2.402**
Afskriftir rekstrarfjármuna	(174)	(198)	(180)	(553)
Afskriftir óefnislegra eigna	(115)	(131)	(125)	(370)
Afskriftir nýtingaréttar	(76)	(87)	(109)	(272)
Afskriftir	**(365)**	**(416)**	**(414)**	**(1.195)**
Rekstrarhagnaður, EBIT	**284**	**286**	**637**	**1.207**
Vaxtatekjur	13	6	4	24
Gengismunur	3	(1)	3	5
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(42)	(58)	(138)	(238)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(120)	(122)	(122)	(365)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(22)	(22)	(22)	(66)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(33)	(74)	(44)	(151)
Önnur fjármagnsgjöld	(1)	(2)	(2)	(5)
Fjármagnstekjur og gjöld	**(203)**	**(272)**	**(322)**	**(796)**
Áhrif hlutdeildarfélaga	47	25	32	103
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**128**	**39**	**347**	**514**
Tekjuskattur	(19)	(5)	(65)	(89)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	**109**	**34**	**282**	**425**
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(185)	(195)	(208)	(589)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	**464**	**506**	**843**	**1.813**
Kennitölur í rekstrarreikning				
EBITDA hlutfall	20,09%	16,74%	18,07%	18,14%
EBITDAaL hlutfall	14,35%	12,08%	14,49%	13,69%
EBIT hlutfall	8,80%	6,82%	10,95%	9,12%
Hagnaður á hlut	0,032	0,010	0,082	0,123
Þynntur hagnaður á hlut	0,031	0,010	0,080	0,121
Kennitölur í efnahagsreikning	**31.3.2026**	**30.6.2026**	**30.9.2026**	
Eiginfjárhlutfall	41,09%	32,50%	33,15%	
Veltufjárhlutfall	1,632	1,348	1,397	

Ársfjórðungayfirlit

Ársfjórðungayfirlit 2025 í millj. kr.:	F1 2025	F2 2025	F3 2025	F4 2025	Samtals 2025
FlakkNet	1.623	1.668	1.705	1.629	6.626
FastNet	1.028	1.049	1.056	1.100	4.233
Vörusala	410	444	495	651	2.001
Aðrar sölutekjur	237	235	232	416	1.121
Aðrar rekstrartekjur	25	32	25	236	318
Rekstrartekjur	**3.324**	**3.428**	**3.514**	**4.033**	**14.299**
Kostnaðarverð seldra vara	(1.485)	(1.528)	(1.607)	(1.977)	(6.597)
Laun og launatengd gjöld	(549)	(549)	(516)	(662)	(2.277)
Annar kostnaður	(301)	(297)	(281)	(291)	(1.169)
Rekstrarkostnaður	**(2.335)**	**(2.374)**	**(2.404)**	**(2.929)**	**(10.043)**
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	**989**	**1.054**	**1.109**	**1.103**	**4.256**
Afskriftir rekstrarfjármuna	(389)	(411)	(408)	(487)	(1.695)
Afskriftir óefnislegra eigna	(114)	(114)	(102)	(109)	(439)
Afskriftir nýtingaréttar	(79)	(83)	(83)	(29)	(274)
Afskriftir	**(582)**	**(608)**	**(593)**	**(624)**	**(2.407)**
Rekstrarhagnaður, EBIT	**407**	**446**	**516**	**479**	**1.849**
Vaxtatekjur	10	8	8	74	100
Gengismunur	(4)	(0)	(0)	1	(4)
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(49)	(46)	(43)	(44)	(182)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(124)	(131)	(116)	(123)	(493)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(21)	(20)	(21)	(21)	(83)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(7)	(69)	(43)	(13)	(132)
Önnur fjármagnsgjöld	(5)	2	(17)	3	(16)
Fjármagnstekjur og gjöld	**(200)**	**(255)**	**(232)**	**(123)**	**(810)**
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	(3)	0	6	3
Hagnaður fyrir tekjuskatt	**207**	**188**	**284**	**362**	**1.042**
Tekjuskattur	(39)	(39)	(57)	(123)	(258)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	**168**	**149**	**228**	**239**	**783**
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(188)	(191)	(174)	(209)	(763)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	**801**	**863**	**936**	**894**	**3.493**
Kennitölur í rekstrarreikning					
EBITDA hlutfall	29,76%	30,75%	31,57%	27,36%	29,76%
EBITDAaL hlutfall	24,09%	25,16%	26,63%	22,17%	24,43%
EBIT hlutfall	12,24%	13,02%	14,69%	11,88%	12,93%
Hagnaður á hlut	0,047	0,042	0,064	0,069	0,222
Kennitölur í efnahagsreikning	**31.3.2025**	**30.6.2025**	**30.9.2025**	**31.12.2025**	
Eiginfjárhlutfall	40,51%	39,93%	39,94%	40,75%	
Veltufjárhlutfall	1,257	1,116	2,072	1,059	